

## Stígalýsing – Viðmið fyrir millibil á milli staura fyrir hönnuði

### 1. Tilgangur

Tilgangurinn er að búa til leiðbeinandi viðmið fyrir hönnuði stígalýsingar varðandi millibil á milli staura þegar ákvörðun um framleiðanda og tegund lampa liggur ekki fyrir.

### 2. Almenn

Krafa er um jafnleika lýsingar á stígum samkvæmt VLD-062 er 0,4 sé því viðkomið eða að minnsta birta sé 100% hærri en gert er ráð fyrir í staðli sem þýðir að jafnleiki fari ekki undir 0,27 þegar meðalbirta er í hámarki samkvæmt viðkomandi lýsingarflokki.

Tillögur um millibil á milli staura gera ráð fyrir að hægt sé að ná jafnleikacröfunum og öllum P-lýsingarflokkum miðað við notkun á hefðbundnum stígalýsingarlömpum en ef líkur eru á að notaðir verði lampar þar sem gerð er krafa um ákveðið útlit eins og miðbæjar- eða vesturbæjarlampinn eða kröfur um andlitsgreiningu þá þarf að skoða það sérstaklega.

Prófaðir voru lampar frá sex framleiðendum og miðast leiðbeiningarnar í kennisniðunum við þær niðurstöður.


### 3. Millibil samkvæmt kennisniðum

Notuð eru fjögur kennisnið, A, B, C og D og tillaga um staurabil er miðað við 5m háa staura.

#### KENNISNIÐ A

Einbreiður göngustígur með staur öðru megin og hefðbundin stígalýsingarlampi.


Hámarksbil á milli staura er 35m til að ná jafnleika 0,27 og 30m til að ná 0,4.



A

### KENNISNIÐ B


Aðskildir hjóla- og göngustígar með staur öðru megin og hefðbundin stígalýsingarlampi.  
Hámarksbil á milli staura er 30m til að ná jafnleika 0,27 og 26m til að ná 0,4.



**B**

### KENNISNIÐ C

Aðskildir hjóla- og göngustígar með staur á milli stíga og hefðbundin stígalýsingarlampi.  
Hámarksbil á milli staura er 35m til að ná jafnleika 0,27 og 30m til að ná 0,4.




**C**

## KENNISNIÐ D

Aðskildir hjóla- og göngustígar með staur á milli stíga. Hér er dæmi um lampa sem lýsir í báðar áttir og getur átt við lampa þar sem krafist er ákveðins útlits.

Hámarksbil á milli staura er 25m til að ná jafnleika 0,27 og 20m til að ná 0,4. Þess skal þó gætt að það eru ekki allir lampar sem ráða við þetta millibil og það þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig.



**D**

## 4. Tilvísanir

Skjal þetta er samið af Lisku ehf í samráði við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.